

Mánudaginn 19. marz 1956.

Nr. 121/1955. **Ákærvaldið** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

Braga Marsveinssyni (Lárus Jóhannesson).

Dómentur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason,
Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannes-
son prófessor.

Bifreiðarslys. Ákæra um brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur vitnið Guðfinnur Einarsson verið spurður af nýju fyrir dómi og staðfest vætti sitt með eiði. Hjónin Haukur Marsveinsson, bróðir ákærða, og kona hans, Heiðrún Hulda Valdimarsdóttir, hafa gefið skýrslu og unnið eið að.

Samkvæmt skýrslum ákærða og nefndra vitna voru þeir ákærði og Guðfinnur staddir á heimili hjónanna Hauks og Heiðrúnar Huldu, Strandgötu 43, Hafnarfirði, síðla kvölds hinn 6. júní 1954. Var ákærði ölvaður. Segir Guðfinnur, að þeir ákærði hafi farið þaðan og sótt bifreiðina G 984, sem ákærði hafði umráð yfir, og kveðst Guðfinnur hafa ekið ákærða heim til Hauks Marsveinssonar, en hann rekið þá út. Hjónin Haukur og Heiðrún Hulda skýra hins vegar svo frá, að ákærði hafi dvalizt á heimili þeirra, meðan Guðfinnur sótti nefnda bifreið. Segjast þau hjón hafa leitt ákærða út í bifreiðina, enda hafi hann þá verið orðinn svo ofurölvi, að hann hafi eigi getað gengið óstuddur. Kveðst Haukur hafa beðið Guðfinn að aka ákærða heim til hans og hafi Guðfinnur lofað því. Akstri þeim, er nú hófst, lauk þannig, að bifreiðinni var ekið á raflínustaur gegnt húsinu nr. 4 við Öldugötu í Hafnarfirði. Guðfinnur skýrir svo frá, að hann hafi eftir nokkurn akstur fengið ákærða stjórn bifreiðarinnar að skipan hans og hafi ákærði síðan ekið á staurinn. Ákærði kveðst muna það eitt, að hann hafi verið í nefndri bifreið þetta kvöld, en eigi minnast þess, að hann hafi tekið við stjórn bifreiðar-

innar né að árekstur yrði. Tveir lögreglumenn, sem kvaddir voru á vettvang eftir áreksturinn, segja, að þeir ákærði og Guðfinnur hafi staðið rétt hjá bifreiðinni og hafi ákærði „ekki verið viðmælandi sakir ölvunar“, og annar lögreglu- maðurinn segir einnig, að ákærði hafi verið „allt að því dauða- drukkinn“. Guðfinnur Einarsson, sem var eigi við vín og hafði tekizt á hendur að aka bifreiðinni og sjá ákærða far- borða, er einn til frásagnar um það, að hann hafi fengið ákærða, sem var ofurölvi, stjórn bifreiðarinnar og árekstur- inn síðar orðið. Vætti Guðfinns, sem á hendur sínar að verja, verður eigi talið nægileg sönnun þess, að ákærði hafi valdið árekstrinum, og verður því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað af sök- inni bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Bragi Marsveinsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af sökinni greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verj- anda fyrir Hæstarétti, Jóns N. Sigurðssonar og Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmannna, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 17. maí 1955.

Ár 1955, þriðjudaginn 17. maí, var í sakadómi Hafnarfjarðar, sem háður var á skrifstofu dómsins af Birni Sveinbjörnssyni, upp kveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 308/1955: Ákæruvaldið gegn Braga Marsveinssyni, sem dómtekið var hinn 27. f. m.

Í máli þessu, sem höfðað er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, ákærist Bragi Marsveinsson bílstjóri, til heimilis Álfaskeiði 28 í Hafnarfirði, fyrir að hafa gerzt sekur um brot gegn 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 27. gr. bif- reiðalaga nr. 23 frá 1941 með því að aka bifreiðinni G 984 að-

faranótt 7. júní 1954 um götur Hafnarfjarðarkaupstaðar með áfengisáhrifum og óvarlega með þeim afleiðingum, að bifreiðin rakst á rafmagnsstaur við Lækjarhvam, Hverfisgötu 62 í Hafnarfirði.

Ákærast því nefndur Bragi Marsveinsson til að sæta refsingu samkvæmt 45. gr. áfengislaga og 38. gr. bifreiðalaga, til ökuleyfis-sviptingar samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur í Hafnarfirði 11. febrúar 1929. Hann hefur einu sinni verið sektaður fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir:

Mánudaginn 7. júní 1954 kl. 03.40 var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt, að ekið hefði verið á raflínustaur við Hverfisgötu 62. Tveir lögreglumenn fóru á vettvang. Vörubifreiðin G 984 stóð þá á götunni fyrir framan húsið, og voru afturhjólin öll skökk undir henni. Tveir menn, ákærði og Guðfinnur Einarsson, Linnetsstíg 12, stóðu þarna skammt frá. Ákærði var allt að því dauðadrukinn. Guðfinnur tjáði lögregluþjónunum, að ákærði hefði ekið bílnum á rafmagnsstaurinn.

Fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að kvöldið fyrir atburð þenna hafi hann setið að drykkju og gerzt mjög ölvaður. Guðfinnur var með honum, en drakk ei. Hann minntist þess, að hann hefði einhvern tíma eftir miðnættið stungið upp á því að ná í bifreiðina G 984, sem ákærði hafði umráð yfir. Síðan kveðst hann minnst þess, að þeir voru eitthvað að ferðast í bifreiðinni, en kveðst alls ekki minnst þess, að hann hafi ekið henni, og ekki kveðst hann muna eftir neinum árekstri.

Guðfinnur Einarsson, sem fyrr er nefndur, kveðst hafa farið með ákærða og náð í bifreiðina G 984. Kveðst hann fyrst hafa ekið henni nokkuð um bæinn. Er þeir voru staddir í Bröttukinn, vildi ákærði endilega taka við stjórninni og skipaði vitninu út. Vitnið reyndi að aftra því, en tókst ekki. Ákærði vildi ekki taka neinum sönsum. Settist hann því næst undir stýri og ók síðan upp á Öldugötu og niður hana. Vitnið kveðst alltaf hafa verið að segja honum að stanza, en hann sinnti því engu. Á móts við Öldugötu 4 segir vitnið, að ákærði hafi ekið utan í raflínustaur, en síðan hafi bíllinn runnið áfram yfir brúna á læknum, yfir á Hverfisgötu, þar sem hann stanzaði. Vitnið segir, að áreksturinn hafi ekki verið mjög harður. Skemmdir á bílnum taldi vitnið þær, að afturfjöður hefði brotnað.

Vitnið Sveinbjörn Þórður Sveinsson, sem heima á á Öldugötu 4, vaknaði við hávaða umrædda nótt. Hann leit út um glugga út

á götuna og sá, að raflínustaur við húsið titraði mikið. Einnig sá hann vörubifreið, sem var að fara yfir lækjarbrúna. Hann sá bifreiðina stanza og að út úr henni komu tveir menn, sem hann bar ekki kennsl á vegna fjarlægðar, og ekki sá hann, hvor þeirra mundi hafa ekið.

Lögregluþjónar þeir, er komu á vettvang, hafa báðir borið það, að ákærði hafi verið mjög ölvaður, en ekki viðurkenndi hann fyrir þeim, að hann hefði ekið bifreiðinni. Hins vegar tjáði Guðfinnur þeim strax, að svo hefði verið.

Pótt vitnið Guðfinnur Einarsson sé að vísu einn til frásagnar um akstur ákærða, þykir þó verða að telja sannað, að hann hafi ekið og valdið fyrrgreindum árekstri með ógætilegum akstri, enda veita önnur málsatvik einnig líkur fyrir því. Sannað er, að ákærði var ölvaður. Með þessari háttsemi hefur hann gerzt brotlegur við þau ákvæði, er í ákæru greinir, og þykir refsing hans samkvæmt þar greindum ákvæðum hæfilega ákveðin 1100 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist varðhaldi í 11 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið um tíma, er þykir hæfilega ákveðinn 6 mánuðir frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Bragi Marsveinsson, greiði 1100 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 11 daga varðhaldi, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 6 mánuði.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.